

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1978

Nr. 64.

316

18. maí 1978.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþróttá án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kaupsýna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 65.

16. maí 1978.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23
3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo: